

♠ ♥ ♦ ♣

tonihar007

Ætli fyrsti skellurinn komi í dag? Ég var skíthræddur við leikinn við Svía enda er það nánast orðin hefð að tapa illa fyrir þeim, minnir á handboltann í gamla daga þegar Faxi var að fíbbbla okkur upp úr skónum.

Sunnudagur 10.júní

Leikur 13

Skotland

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum 63-5 19.85 stig

Einhver gæti sagt; skyldusigur, en það eru engir auðveldir andstæðingar í þessu móti. Skotar sitja í neðri hlutan eins og við var búist en hér er enginn sigur í húsi fyrr en imparnir hafa verið taldir. Niðurstaðan var stór sigur. Bæði pör með fínan leik og Skotarnir að moka í þá.

Spil 8 V/0

♠ A9	♠ T2
♥ AJ82	♥ --
♦ 9753	♦ AQT842
♣ Q52	♣ KJT63
♠ KJ765	
♥ KT9754	
♦ K6	
♣ --	
♠ Q843	
♥ Q63	
♦ J	
♣ A9874	

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Alli		Matti	
1 ♠	pass	2 ♦	pass
2 ♥	pass	3 ♣	dobl
3 ♥	pass	3nt	allir pass

Norður hefði kannski getað doblað 3 hj en með Qxx í laufi þá hefur hann viljað lauf út. Og út kom lauf. Nú rann spilið upp. Matti átti fyrsta slaginn og spilaði spaða tíu. Suður lagði ekki á. Suður hefur doblað 3 lauf og á sennilega lengd í spaða fyrir að hann lagði ekki á. Og ekki doblaði norður hjarta svo suður átti sennilega einhverja lengd þar. Matti ætlaði að svína tíglinum en það var óþarft þegar gosinn kom siglandi í kónginn. Nú var annarri spaðasvíningu hafnað og 9 slagir teknir af öryggi á 10 punkta á móti 10 í misfittinu. 3 tíglar fóru einn niður á hinu borðinu, 10 impar inn.



Matti skoðar skorblaðið

Spil 10 A/ALL

♠ 2
♥ K8542
♦ Q5
♣ AKJT8

♠ 865 ♠ AT43
♥ 93 ♥ AQJT
♦ KJT2 ♦ 8743
♣ Q932 ♣ 7

♠ KQJ97
♥ 76
♦ A96
♣ 654

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
		1 ♦	1 ♠
Pass	2 ♥	pass	2 ♠
Pass	3 ♣	pass	3 ♦
Dobl	pass	pass	redobl
Pass	3 nt	dobl	allir pass

Matti spilaði út hjarta ás og svissaði í tígul. Sagnhafi má ekki fara upp með ásinn og Alli átti slaginn og svissaði aftur í hjarta. Þetta tryggði spilið niður hratt og örugglega. 3 lauf – 200 á hinu borðinu, 3nt dobluð 500 niður og 7 impar inn.

Leikur 14 Svíþjóð

NS Matti-Alli

AV Ómar-Raggi

Í impum 24-40 5,82 stig

möguleika Íslendinga í mótinu þe

Það hefur gengið verr hjá Svíum en ég átti von á. En því miður fyrir okkur þá eru þeir dottirnir í stuð. Það var gott að fá rólegan leik og bútabaráttuslag við þá því þetta er ein allra sterkasta slemmuþjóðin. Eitthvað hafa áhorfendur gaman af okkur því þetta er þriðji leikurinn okkar sem er sýndur á rama, þ.e. í sýningarsalnum. Ég

tók eftir því að PO Sundelin svaraði ekki spurningu áhorfanda um gar hann lýsti leiknum við Dani. En hann var ekki bjartsýnn fyrir hönd Dana.

Spil 27 S/0

♠ K742
♥ 2
♦ 9
♣ K987543

♠ 9853 ♠ T
♥ KQJ975 ♥ A86
♦ -- ♦ AKT7643
♣ JT2 ♣ A6

♠ AQJ6
♥ T43
♦ QJ852
♣ Q

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Ekenberg	Matti	Hult	Alli
			1 ♦
1 ♥	1 ♠	4 ♥	4 ♠
5 ♦	pass	6 ♥	allir pass

Ekenberg var að undirbúa vörnina í spaðaförn með sögn í tíglum á eyðuna. Hult tók því heldur bókstaflega og meldaði slemmu. Hú þoldi ekki þessa skiptingu og fór hratt einn niður með spaða út og lauf drottingu í sviss. 11 impar inn.



Spáð í spiliin

Spil 21 N/NS

♠ A973
♥ AJ
♦ AK92
♣ J42

♠ T654 ♠ --
♥ KQ763 ♥ T942
♦ Q5 ♦ JT43
♣ KQ ♣ A9865

♠ KQJ82
♥ 85
♦ 876
♣ T73

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Ekenberg	Matti	Hult	Alli
	1 ♣	pass	1 ♦
1 ♥	1nt	4 ♣	4 ♠
5 ♥	pass	pass	dobl
Allir pass			

Sterkt lauf og afmelding. Matti átti ekki alveg fyrir grandinu en lét sig hafa það. Stökkið í 4♣ er "fit showing." Einkennileg og röng notkun á þeirri sagnaðferð, en þessir Svíar eru ungir og hafa gaman af því að melda eins og fleiri. Nú gat Ekenberg ekki annað en meldað 5 hjörtu, með hjónin í laufi, gat jafnvel staðið á góðum degi. Vörnin var flott. Tígulkóngur bað um talningu. Þegar Alli sýndi oddatölu þá spilaði Matti tvisvar tígli og síðan fjórða tíglinum inn á tromp ásnum. Hjarta áttan var nóg til að upphefja trompslag. 300 niður og 9 impar. Bara einn annar í salnum náði þessari vörn.

Leikur 15

Austurríki

NS Jón-Bessi

AV Ómar-Raggi

Í impum 31-30 10,31 stig

Ef canape Austurríkismanna gengur upp þá erum við í stórum vandræðum. Alltaf erfitt að spila gegn þjóðum sem spila skrítin kerfi. Hvenær hættu þeir eigilega að spila vínarkerfið. Við unnum þá síðast en töpuðum fyrir þeim í tveim mótum þar á undan.

Eflaust hafa einhverjir rekið augun í sveiflu til andstæðinganna þar sem Bessi fór niður á

5 tígum. Ástæðan; canape. Það var opnað á 1 hjarta á 64 í hálitunum. Út kom þrisvar spaði og bessi trompaði ekki frá. Hann var vakandi fyrir að spilið gæti verið svona en taldi líklegra að trompið væri 3-0 en að útspilarinn ætti þessa hönd því á kerfiskortinu þá var 2 tígla opnun með 5+ spaða og 4+ hjörtu og 7-15 punkta og hann opnaði ekki á því, auk þess sem að austur meldaði aldrei með 6litar fittið. Af hverju hann gerði það ekki veit enginn. Svona var spilið;

♠ QJ
♥ 6
♦ AQ863
♣ AKQ92

♠ AK6542 ♠ T8
♥ KQT5 ♥ J87432
♦ 2 ♦ JT
♣ J3 ♣ 876

♠ 973
♥ A9
♦ K9754
♣ T54

Samningurinn 5 tíglar í suður.

Þú átt út í gröndum með;

♠T64 ♥72 ♦J972 ♣KT83

Þú ákveður að spila út spaða í 7 gröndum, hvaða spaða spilaru ?

Spil 11 S/0

♠ Q2
♥ QJ9863
♦ 8
♣ Q965

♠ AK98753 ♠ J
♥ AK ♥ T54
♦ 65 ♦ AKQT43
♣ J2 ♣ A74

♠ T64
♥ 72
♦ J972
♣ KT83

Spilaðir þú tíunni eins og sú ungverska í leik Ungverja og Íslensku kvennanna? 1520 voru 11 til Íslands.

Ómar og Raggi tóku 6 tígla á þetta, góð slemma. Austurríkismenn fundu ekki slemmuna eftir 3h hindrun Baldarans, 11 inn á móti geiminu á hinu borðinu.



Stefanía Sigurbjörnsdóttir ræðir kerfið við andstæðinginn fyrir leik.



Fyrsti dagur hjá seniorunum, það lá vel á Guðmundi

Butlerinn eftir 15. Umferð

Jón - Bessi +0,78
Matti - Alli +0,40
Ómar - Raggi +0,28



Sigurbjörn Haraldsson er sá yngsti sem hefur spilað fyrir Íslands hönd á Evrópumóti Hann var 20 ára á sínu fyrsta. Þetta voru hans makkerar.

1999 Anton Haraldson
2006 Bjarni Einarsson
2010 Magnús Eiður Magnússon
2014 Jón Baldursson
2018 Jón Baldursson

Spil 26 umferð 12
A/ALL

♠ T986
♥ KQ75
♦ 87
♣ J65

♠ 7	♠ 2
♥ J64	♥ T9832
♦ AKJ93	♦ T64
♣ AK73	♣ Q942

♠ AKQJ543
♥ A
♦ Q52
♣ T8

Það kom stórmerkilegt varnarproblem upp í leik 12. Suður spilar 4 spaða. Eins og sjá má þá hnekkja þessu allir í sumarbridds á Íslandi, taka bara tvo efstu í laufi og tvo efstu í tígli, einn niður, næsta spil. Spilið er ekki jafn einfalt í öðrum löndum. 11 varnarspilarar gáfu samninginn. Ég endurtek, ellefu gáfu 4 spaða. Hvernig er það hægt. Og það var ekki eins og það hafi verið einhverjir kjánar á ferð. Ítalinn gaf það, Svíinn, Búlgarinn, Tyrkinn, Íslendingurinn, Grikkinn, Írinn, Pólverjinn, Lettinn, Skotinn og Svisslendingurinn. Útspil á flestum borðum tígul ás eða kóngur og lauf í slag númer tvö. Í tígulinn frávísaði austur með tíu og í slag númer tvö kallaði austur með drottninguna fjórðu. Þá spiluðu þessir óheppnu laufi og meira laufi til að gefa makker stungu. Spiluðu sagnhafa upp á einn tígul og fjögur lauf. Hverjum er um að kenna? Þar sem ég horfði á Ítalann verjast þá setti hann 6 í fyrsta slag frá T64, ótrúlegt hjá makker hans að taka nú ekki seinni tígulslaginn því nú var sannað að sagnhafi átti örugglega a.m.k. einn tígul enn. Hvað ef sagnhafi hendir drottningunni undir í fyrsta slag sem hann á að sjálfsögðu að gera. Á austur að setja

tíuna bæði frá Txxxx og Txx. Nei, ég held að það hafi verið rétt að vera loðinn og setja millispilið og svo til að baktryggja sig að frávísa líka laufinu. Nú getur makker ekki klikkað. Þetta spil er gott dæmi um að bridds er ekki einfalt spil og ótrúlegustu hlutir koma upp.



Geir Helgemo, Monaco

Helgemo og Helness voru að taka landa sína í bakaríið en Monaco liðið er samt langt frá sínu besta og liggur um miðjan hóp.

tonihar007, 11.júní 2018
tonihar@simnet.is